

## Sameiginlegur fundur skólaráðs og stjórna nemenda- og foreldrafélags Árskóla 27. október 2015

Fundinn sátu: Sólveig B. Fjólmundsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Katrín Ingólfssdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, P. Sandra Magnúsdóttir, Benedikt Kári Gröndal, Kristey Rut Konráðsdóttir, Alexandra Ósk Guðjónsdóttir, Ragnar Ágústsson, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem tók punktana saman.

Unnið var í hópum út frá nokkrum spurningum og skráð niður.

### Samantekt úr umræðuhópum:

Hvað mætti helst bæta í skólanum?

- Tímasetning skólarútunnar, unglingastig nær ekki rútu.
- Einfaldara skráningarkerfi í matinn.
- Vantar snaga fyrir unglingastigið hjá matsalnum.
- Merkja skóhillur í A-álm.
- Vinaliðastarf á unglingastigi, of mikið af boltaleikjum.
- Bæta A-álmuna.
- Vantar náttúrufræðistofu.
- Starfsmannaplanið og nýi inngangurinn, lýsing ófullnægjandi og vantar gönguleið fyrir nemendur.
- Skápar og skólabækur á unglingastigi - bækur gleymast í skólanum.

Hvernig getum við bætt það?

- Tala um það og láta stjórnendur vita.
- Vantar fjármagn til að bæta A-álm, bílaplan, inngang og náttúrufræðistofu.
- Rútuferðir: Skoða stundatöflu nemenda og skipuleggja rútuferðir í samræmi.
- Vinaliðar: Finna leiki sem henta öllum.

Hvað er það sem er best við skólann?

- Félagslífið - góð kennsla - góður stuðningur.
- Körfuboltavöllurinn og Þekjan.
- Mötuneytið.
- Nýtt nafn á gangavörðum - skólaliðar/stuðningsfulltrúar.
- Viðburðadagarnir eru mjög góðir.

Hvarnig getum við haldið því við?

- Hafa góða umgengni og fara eftir reglum t.d. á körfuboltavellinum (hjól ekki leyfð).
- Halda fjölbreytninni.
- Vera opin fyrir nýjungum.
- Hafa hollan og góðan mat.

Hvernig geta nemendur haft áhrif á skólastarfið?

- Með því að koma í nemendafélagið.
- Koma með nýjar og gagnlegar hugmyndir.
- Vera virk í umræðum og málefnaleg.
- Hjálpa til við ýmis störf í skólanum.
- Hjálpa öðrum nemendum við námið.

Hvað geta foreldrar gert til þess að skólastarfið verði betra?

- Vera virkir og sýna skólanum áhuga.
- Vera jákvæðir gagnvart skólanum.
- Hlusta á börnin sín, virða þeirra skoðanir og koma þeim á framfæri.
- Vera í virku sambandi við kennara og stjórnendur.

Annað?

- Ánægð með skólann okkar, góð aðstaða.
- Hafa fleiri viðburði í skólanum.
- Hafa meiri fjölbreytileika í kennslu.
- Búa til hjólabrettarampa.
- Athuga hvort það er dekkjakurl á gervigrasvellinum.